



FRÉTTABRÉF FRÆÐSLUNEFNDAR FIE

JÚLÍ 2008

Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

INNGANGUR	1
KREPPUTAL	2
MORGUN- VERÐARFUNDIR Á DÖFINNI	2
EFNI HAUST- RÁÐSTEFNU	3
ANA.O.GOV.AU	4

INNGANGUR

Meginefni þessa fréttabréfs er kynning á haustráðstefnu félagsins, sem haldin verður í 8 og 9 september n.k. Að þessu sinni er umfjöllunarefnið fjármálamisferli og hvernig innri endurskoðunardeilda geta gert til þess að minnka líkur á slíkum misferlum. Aðalfyrirlesari ráðstefnunar kemur frá Bretlandi og munu því flestir fyrirlestrar fara fram á ensku. Auk erlends fyrirlesara þá muni íslenskir fyrirlesarar koma með innlegg inn á ráðstefnuna. Þannig að ráðstefnan verði betur tengd

við raunveruleika íslenskra innri endurskoðunardeilda.

Í fréttabréfinu verður einnig fjallað um velheppnaðan morgunverðarfund sem haldin var á vormánuðum. Þó svo að umfjöllunarefnið hafi verið krepputal þá var engin kreppa í mætingu því að mæting félagsmanna var mjög góð á þenar viðburð.

Einnig má geta þessa að Guðjón Viðar Valdimarsson (starfar hjá PWC) varð fyrstur íslendinga, svo við vitum, til þess að standast CIA prófin

eftir að rafræn próftaka var tekin upp núna á vormánuðum. Guðjón tók öll 4 prófin í húsakynnum Verk- og kerfisfræðistofunnar á Grensársvegi. Fræðslunefndin óskar Guðjón til hamingjum með þennan áfanga. Fræðslunefndin er búinn að ræða við Guðjón um það að hann kynni reynslu sína af þessu nýja fyrirkomulagi fyrir öðrum félagsmönnum sem hug hafa á að taka CIA - prófin. Við munum auglýsa sérstakan fund vegna þessa síðar.

Á HUGAVERÐ ATRÍÐI:

- **Haustráðstefna félagsins verður haldin daganna 8. og 9. september n.k. og mun umfjöllunarefni hennar verður aðkoma innri endurskoðunardeildir að fjármálamisferlum.**



Á morgunverðarfundum í apríl 2008 voru mættir allir þeir sem lokið hafa CIA faggildingu í innri endurskoðun á Íslandi að undanskyldum tveimur og var þessi mynd tekin við það tækifæri.

KREPPUTAL—MORGUNVERÐARFUNDUR

Þann 29. apríl var haldin morgunverðarfundur undir yfirskriftinni „Krepputal“. Fundurinn var mjög vel sóttur af félagsmönnum. Á fundinum var til umfjöllunar ýmsir þættir sem innri endurskoðunardeildir þurfa að huga að á tímum erfiðs efnahagsástands. Fyrirlesarar voru Ragnar Hafliðason aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og Sigurjón G. Geirsson innri endurskoðandi Landsbankans. Í máli fyrirlesara kom m.a. fram að á tímum erfiðs efnahagsástands þá reyndi meira á innri endurskoðunardeildir og að þær þyrftu að breyta áherslum sínum vegna þess að áhættuþættir í endurskoðuninni væru aðrir heldur en á tímum góðæris. En á krepputímum væri meiri hvati fyrir starfsmenn að “fá lánað” til þess að bjarga sér úr fjárhagskröggum og og stjórnendur til þess að “fegra”

reikningskilin eða grípa til annarra aðgerða til þess að til þess að láta rekstur og stöðu fyrirtækis líta betur út en hún raunverulega væri. Núna væri erfitt efnahagsástand í þjóðfélaginu og viðbúið að það ætti eftir að versna nokkuð áður en færi að rofa til í því efni. Ragnar fjallaði um stöðu Fjármálaeftirlitsins og þær aðgerðir og áherslur sem eftirlitið hefði nú um stundir. En mikið reynir nú að

fjármálaeftirlitið vegna erfiðra aðstæðna bæði á lánamörkuðum og hlutabréfamörkuðum sem hefur mjög mikil áhrif á þau fyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Á fundinum afhenti einnig Ágúst Hrafnkelsson Helga Gunnarssyni CIA prófskírteini til staðfestingar á því að Helgi hefði nú lokið faggildingu í innri endurskoðun.



Myndir frá morgunverðarfundinum í apríl 2008



EFNI HAUSTRÁÐSTEFNUNNAR

Haustráðstefna félagsins verður haldin dagana 8. og 9. september n.k. á Hótel Sögu. Reynt verður að stilla ráðstefnugjaldi í hóf.

Um takmarkað sætaframboð er að ræða þannig að menn eru hvattir til þess að skrá sig sem fyrst til þátttöku. Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna á heimasíðu félagsins www.fie.is eða með því að senda tölvupóst á netfangið fie@fie.is.

UMFJÖLLUNAREFNIÐ

Titill ráðstefnunnar er:

FRAUD PREVENTION & DETECTION – A FORENSIC APPROACH FOR INTERNAL AUDITORS

Fjármálamisferli hafa haft mikil áhrif á bæði stór og smá fyrirtæki um allan heim. Þegar hart er í ári þá er kannski meiri líkur á misferlum heldur en í góðæri. Tilgangur námskeiðsins er að gera innri endurskoðendur betur í stakk búna til þess að takast á við hvítflibba afbrot innan fyrirtækja. Bæði með fyrirbyggjandi aðgerðum og einnig aðgerðum sem hugsanlega geta leitt til þess að misferli uppgötvist fyrr.

Til viðbótar við fræðilega umfjöllun um viðfangsefnið munu tveir íslenskir fyrirlesarar sem munu koma með íslensk viðhorf og nálganir á viðfangsefninu.

FYRIRKOMULAG

Ráðstefnan mun fara fram í formi **fyrirlestra, æfinga**, og yfirferðar á **raunverulegum dæmum**. Farið verður yfir það nýjasta sem er að eiga sér stað á þessu sviði.

GRÓF DAGSKRÁ

1. *Fraud Framework* (Hvað eru fjármálamisferli, tegundir og umfang? Hvert er hlutverk innri og ytri endurskoðunar við að berjast gegn misferlum?)
2. *The Forensic, Risk-Based Approach to Fraud Threats* (Hvað eru áhættugrunndaðar aðferðir til þess að takast á við misferli?)
3. *Fraud Prevention* (Hvers vegna er svona mikilvægt að skilja mannlega þáttinn í misferlum?)
4. *Íslenskt viðhorf 1.*
5. *Governance, People & the Ethical Dimension* („*Tone at the top*“, Hvernig á að bæta viðskiptasiðferði?, Hvaða stjórnunarhætti er best að viðhafa?)
6. *Fraud Deterrence* (Hvernig má bæta forvarnir til þess að minnka líkur á misferlum?)
7. *Detecting & Investigating Fraud* (Hverjar eru algengar vísbendingar um misferli?, Hvernig er

best að bregðast við misferlum til þess að lágmarka tjón?, Hvernig á að standa að rannsóknum misferla?)

8. *Íslenskt viðhorf 2.*

Nánari lýsingu á umfjöllunarefninu verður að finna á vef FIE.

AÐALFYRIRLESARI

Aðalfyrirlesari ráðefnunnar verður Steve Giles. Hann er löggiltur endurskoðandi (Chartered Accountant). Á þeim tíma vann hann hjá Deloitte & Touche í London. Hann hóf að starfa við rannsókn fjármálamisferla (Forensic Services) á árinu 1990. Hann hefur komið að rannsókn margra stórra fjármálamisferla. Þar á meðal eru: rannsókn á hruni Polly Peck International plc, rannsókn peningabættis hjá stórum banka í Luxembourg og rannsókn á spillingu hjá stóru framleiðslufyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs Slóveníu.

Steve hætti hjá Deloitte á árinu 1997 þegar hann tók þátt í stofnun ráðgjafafyrirtækis sem sérhæfir sig í áhættustjórnun og rannsókn fjármálamisferla. Síðan þá hefur hann aðstoðað stjórnendur við að leysa ýmis óvenjuleg fjármálavandamál. Sem dæmi mætti nefna: aðgerðir til þess að bæta varnir gegn peningabætt í Bandarísku dótturfélagi stórs bresks fyrirtækis, stjórnun á rannsókn stórs fjármálamisferlismáls hjá velþekktu stóru bresku verslunarfyrirtæki og rannsókn á töpum á sölu um borð í flugvélum hjá tveimur flugfélögum.



Ragnar Hafliðason aðstoðarforstjóri FME var fyrirlesari á morgunverðarfundi í apríl sl.

Mikilvægt er fyrir innri endurskoðunardeildir að hafa góða þekkingu á því hvernig best er að standa að forvörnum og rannsókna fjármálamisferla.

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is

FÉLAG UM INNRI
ENDURSKOÐUN



Frostaskjóli 91
107 Reykjavík
Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE
Nanna Huld Aradóttir, CIA
Anna Margrét Jóhannesdóttir, CIA
Albert Ólafsson, CISA, CIA

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við. Félagið er aðili að the Institute of Internal Auditors Inc. - www.theiia.org

FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI
(PROGRESS THROUGH SHARING)



LEIÐBEININGAR FYRIR INNRI ENDURSKOÐUN HJÁ OPINBERUM AÐILUM Í ÁSTRALÍU

Í september 2007 gaf Ríkisendurskoðun Ástralíu út leiðbeiningarrit "better practice guide" fyrir innri endurskoðun hjá opinberum aðilum í Ástralíu. Rit þetta er í tveimur hlutum annars vegar „Public Sector Internal Audit“ og hins vegar safn af vinnugögnum (gátlistum og eyðublöðum) sem gagnleg geta verið fyrir innri endurskoðunardeildir „Public Sector Internal Audit Toolkit“. Tilgangurinn með útgáfunni er að styðja við og

efla innri endurskoðunardeildir hjá opinberum aðilum í Ástralíu. Í leiðbeiningunum er fjallað um hlutverk og stöðu innri endurskoðunar. Ásamt því að fjalla um verklag við ýmsa hluti.

Bæði ritin má finna á heimasíðu Áströlsku Ríkisendurskoðunarinnar www.anao.gov.au undir fyrirsögninni "Publications" og "Better Practices Guides".

Þrátt fyrir að rit þessi byggji

eðlilega á þeim lögum og reglum sem gilda um opinbera aðila í Ástralíu og lög þessi og reglur eru um sumt ólíkt því sem opinberir aðilar á Íslandi búa við þá eru ýmsir gagnlegar leiðbeiningar að finna í þessum ritum. Fræðslunefndin vill benda félagsmönnum á þessi rit. Vera má að innihaldið komi innri endurskoðunardeildum að einhverju gagni óháð því hvort þær starfa innan hins opinbera eða ekki.

Ágúst Hrafnkelsson
formaður FIE afhendir
Helga Gunnarssyni CIA-
prófskírteini.

